

Nd.

61. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 5 milljón króna innanríkislán.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., borið það saman við bráðabirgðalögin og rætt við fjármálaráðherra um efni þess.

Telur ráðherrann, að til þess að hafa nægilegt handbært fé til að greiða upp sterlingspundalánið frá 1930, þurfi að hækka lántökuheimildina upp í 10 milljónir króna. Eftirstöðvar lánsins eru nú um 13,4 millj. króna, en af þessari upphæð eru um 1800 þús. krónur skuld Búnaðarbankans, sem ráðherrann upplýsti, að nú væri við því búinn að greiða upp sinn hluta lánsins. Með tilliti til þessa virðist mega gera ráð fyrir, að þessi hækkun á lántökuheimildinni nægi til þess, að unnt verði að greiða lánið að fullu.

Nefndin er sammála ráðherra um, að rétt sé að breyta því af enska láninu, sem ekki er unnt að greiða á annan hátt, í innanríkislán. Jafnframt telur nefndin sjálfsagt, að rannsakaðir séu möguleikar á því að breyta öðrum brezkum lánunum ríkissjóðs í innlend lán.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. í stað „5 milljón króna“ komi: 10 milljón króna.
2. Við fyrirsögn frv. í stað „5 milljón króna“ komi: 10 milljón króna.

Alþingi, 5. marz 1941.

Sveinbjörn Högnason,	Jón Pálmason,	H. Guðmundsson,
form.	fundaskr.	frsm.
Skúli Guðmundsson.	St. Stefánsson.	